

Alþingi
Erindi nr. P 136/733
komudagur 13./2009

LANDHELGISGÆSLA ÍSLANDS
ICELANDIC COAST GUARD



Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

LHG/006/9,6/ DS/sig
Reykjavík 12. janúar 2009.

Umsögn Landhelgisgæslu Íslands um um breytingu á lögum um loftferðir nr. 60/1998, með síðari breytingum, 196. mál.

Í 15. gr. frumvarpsins er gerð eftirfarandi breyting á 132. gr. loftferðalaga:

a. 2. mgr. orðast svo:

Ráðherra kveður á um stjórnun leitarstarfs fram til þess að slysstaður finnst, en þá taka lögregluyfirvöld við og bera ábyrgð á vettvangsstjórn. Ráðherra getur með samningi falið félagasamtökum eða fyrirtækjum að hafa umsjón með framkvæmd leitarstarfa að hluta til eða öllu leyti. Rannsóknarnefnd flugslysa fer með yfirstjórn vettvangsrannsóknar og ber lögregluyfirvöldum að aðstoða við hana í hvívetna.

Landhelgisgæslan er hlynnt þeirri breytingu að tala um lögregluyfirvöld í stað lögreglustjóra eins og er í núgildandi lögum því þá er einnig gert ráð fyrir lögregluyfirvöldum á hafinu, þ.e. Landhelgisgæslu Íslands.

Í framangreindri frumvarpsgrein segir að ráðherra kveði á um stjórnun leitarstarfs fram til þess að slysstaður finnst en í 14. gr. laga um Landhelgisgæslu Íslands nr. 52/2006 segir að Flugmálastjórn stjórnir leitarstarfi fram til þess að slysstaður finnst. Hér virðist þörf á að breyta orðalagi Landhelgisgæslulaganna til samræmis við loftferðalögin hvað varðar stjórnun leitarstarfs fram til þess að slysstaður finnst. Þá þyrfti 14. gr. Landhelgisgæslulaga að hljóða svo:

Landhelgisgæsla Íslands aðstoðar við leit að loftförum sem lenda í flugatvikum, flugslysum eða er saknað yfir sjó. *Ráðherra samgöngumála kveður á um stjórnun leitarstarfs fram til þess að slysstaður finnst* en Landhelgisgæsla Íslands tekur ábyrgð á vettvangsstjórn ef slysstaður er á hafinu.

Orðalag 15. gr. frumvarpsins um að ráðherra geti með samningi falið félagasamtökum eða fyrirtækjum að hafa umsjón með framkvæmd leitarstarfa að hluta til eða öllu leyti er ekki í samræmi við 4. tl. 1. mgr. 4. gr. laga um Landhelgisgæslu Íslands nr. 52/2006 þar sem segir að verkefni Landhelgisgæslunnar sé leitar- og björgunarpjónusta við loftför.

Í umsögn um 15. gr. frumvarpsins segir jafnframt:

Á íslenska ríkinu hvílir ábyrgð á leitar- og björgunarstarfi innan íslenskrar lofthelgi og á því svæði utan hennar sem ríkið hefur sérstaklega undirgengist þjóðréttarlegar skuldbindingar til að annast leitar- og björgunarstarf á. Hvað alþjóðlegar flugsamgöngur áhrærir eru þær skuldbindingar nokkrar. Mikilvægt er því að þessu hlutverki verði sinnt á sem hagkvæmastan og skilvirkastan hátt. *Lagt er til að ákvörðun um hvaða aðili, félag eða fyrirtæki tekst á hendur verkefnið verði í höndum samgönguráðherra.*

Hér virðist ekki gert ráð fyrir því að Landhelgisgæslan sinnir þessari þjónustu lögum samkvæmt. Í þessu sambandi má geta þess að Landhelgisgæslan á von á nýrri eftirlitsflugvél sem er í smíðum og þetta verkefni fer mjög vel saman með eftirliti með efnahagslögsögunni og leitar- og björgunarstörfum vegna sjófarenda sem Landhelgisgæslan sinnir skv. alþóðasamningum.

F. h. Landhelgisgæslu Íslands,


Dagmar Sigurðardóttir
lögfræðingur